

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum hluta málsins falli niður.

Hákon Guðmundsson kvað upp dóm þenna sem setuborgardómari samkvæmt umboðsskjali, dagsettu 17. júlí þ. á., en hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, hafði með úrskurði, uppkveðnum 27. maí s.l., vikið sæti í málinu.

Dómsorð:

I. Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af aðalkröfu stefnenda, Guðmundar Guðmundssonar og Trésmiðjunnar Víðis h.f., í máli þessu.

II. Felld er niður framangreind skattálagning vegna hlutabréfaeignar Guðmundar Guðmundssonar í Trésmiðjunni Víði h.f., og ber skattyfirvöldum að ákveða skattinn af nýju og sé þá miðað við sannvirði hlutabréfa hans.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 5. desember 1958.

Nr. 77/1958. **Egill Vilhjálmsson h/f**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Samvinnutryggingum
(Vilhjálmur Jónsson hrl.)

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús
P. Torfason.**

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1958 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1798.20 með 6% ársvöxtum frá 2. október 1956 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjanda

verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ef stefndi hefði bætt eiganda R 6631 með váttryggingarfé tjón það, sem varð á bifreiðinni af völdum starfsmanns áfrýjanda á atvinnustöð hans, hefði stefndi átt framkröfu á hendur áfrýjanda til greiðslu þess, samanber 25. gr. laga nr. 20/1954, og hefðu eigi verið efni til að fella þá bótaskyldu áfrýjanda niður. Áfrýjandi, sem bætt hefur tjónþolanda skaðann, á því eigi kröfu á hendur stefnda vegna hans. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Egill Vilhjálmsson h/f, greiði stefnda, Samvinnutryggingum, málskostnað í Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. apríl 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Egill Vilhjálmsson h.f., Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. október 1956, gegn Samvinnutryggingum, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1798.20 með 6% ársvöxtum frá 2. október 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi rekur smurstöð á atvinnustöð sinni við Laugaveg hér í bænum. Hinn 29. ágúst 1956 bað verkstjóri smurstöðvarinnar starfsmanninn Tómas Hjaltason að fara út á bifreiðastæðið fyrir utan smurstöðina og aka jeppabifreiðinni R 5195, sem stóð þar til hliðar við innkeyrsluna, inn á smurlyftuna. En bifreið þessi var eign Rafmagnseftirlits ríkisins og skylduváttryggð hjá stefnda. Hefur nefndur Tómas komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi farið upp í bifreiðina og stigið á „kúplinguna“. Við það hafi bifreiðin runnið aftur á bak. Hafi hann litið út til að aðgæta, hvort nokkuð væri fyrir aftan, en kveðst ekkert hafa séð athuga-

vert. Á meðan bifreiðin var að renna aftur á bak, hafi hann ræst vélina, og um leið og hún fór í gang, hafi bifreiðin stöðvazt á einhverju. Kveðst hann þá hafa litið aftur út um afturrúðu bílsins, en ekkert séð. Taldi hann, að bifreiðin hefði stoppað á tunnu eða einhverju slíku, og kveðst því ekki hafa um það hirt að gæta frekar að því og ekið bifreiðinni inn á smurlyftuna. Er Tómas leit út á stæðið að því loknu, kveðst hann hafa séð bifreið standa á þeim stað, sem jeppinn stöðvaðist áður. Kveðst hann hafa farið að aðgæta bifreið þessa, sem reyndist vera R 6631, og komst að raun um, að vatnskassahlífin var brotin. Taldi hann líklegast, að krókur, sem var aftan á jeppanum, hefði rekizt í vatnskassahlífinu, þegar jeppinn stöðvaðist á bifreiðinni.

Ekki er kunnugt um sjónarvotta að árekstri þessum. Samkvæmt skýrslu Tómasar Hjaltasonar mun bifreiðastjóri R 6631, hafa verið inni í smurstöðinni, er áreksturinn varð, og því heldur ekki séð, þegar hann átti sér stað. Við hinn munnlega málflutning upplýsti umboðsmaður stefnanda, að maður þessi, Karl Guðmundsson, væri erlendis og því ekki náðst skýrslur af honum. Hvorki skýrsla eða uppdráttur af árekstrinum hafa verið gerðar af hálfu lögreglunnar. Vitnið Tómas Hjaltason hefur hins vegar markað á blað stöðu bifreiðanna, eins og hann telur þær hafa verið, áður en hann hreyfði jeppann. Hvorugur málsaðilja hefur mótmælt uppdraetti þessum eða skýrslu vitnisins.

Stefnandi lét gera við skemmdirnar, sem urðu á bifreiðinni R 6631, sem var eign Árna Hallgrímssonar, Ásborg á Seltjarnarnesi. Er viðgerðinni var lokið, kveðst stefnandi hafa krafist stefnda um greiðslu á viðgerðarkostnaðinum, sem nam kr. 1.798.20. Stefndi hafi andmælt greiðsluskyldu sinni og neitað að greiða. Kveðst stefnandi þá hafa beint kröfu sinni gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f., en hjá því tryggingarfélagi hafði stefnandi keypt ábyrgðartryggingu vegna starfrækslu sinnar, en það félag hafi einnig neitað að greiða viðgerðarkostnaðinn með tilvísan í vátryggingarsamning þeirra. Er svo var komið, kveðst stefnandi ekki hafa séð sér fært annað en að afhenda eigandanum Árna Hallgrímssyni bifreiðina, enda þótt hann fengi ekki viðgerðarkostnaðinn greiddan um leið. Tók Árni Hallgrímsson því við bifreiðinni, en stefnandi höfðaði mál þetta á hendur stefnda til greiðslu viðgerðarkostnaðarins.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941 séu bifreiðaeigendur skyldir að vátryggja bifreiðar sínar fyrir ákveðna fjárhæð og

skuli með því tryggð greiðsla að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, sem gerð kann að vera á hendur ökumanni bifreiðar eða þeim, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slys eða tjón ber að höndum. Þessa váttryggingu hafi stefndi tekið að sér og þar með tekið á sig þá áhættu, sem þessi lagaákvæði leggja á þá, sem ábyrgð bera á bifreið. Óheimilt sé að skerða þessa ábyrgð váttryggingarfélagsins með ákvæðum í váttryggingarsamningi. Í umrætt sinn hafi bifreiðin R 5195 verið í umráðum hans samkvæmt 1. mgr. 35. gr. bifreiðalaganna. Hann hafi því verið ábyrgur gagnvart eiganda R 6631 fyrir tjóninu og því orðið að greiða viðgerðarkostnaðinn, sem í framkvæmd hafi verið hagað á þann hátt, að eigandanum hafi verið afhent bifreiðin viðgerð, þar sem stefnandi hafi sjálfur viðgerðarverkstæði. Við þetta hafi hann öðlazzt kröfu á hendur stefnda, sem sé váttryggjandi bifreiðarinnar R 5195 samkvæmt lögum og váttryggingarskírteini stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína nú fyrst og fremst á því, að stefnandi sé ekki aðili að váttryggingarsamningi þeim, sem gerður hafi verið um skylduváttryggingu bifreiðarinnar R 5195, og sé stefnandi því ekki réttur aðili máls þessa. Í öðru lagi hefur hann mótmælt því, að stefnandi, sem beri ábyrgð á tjóninu, geti byggt rétt sinn á 1. mgr. 36. gr. bifreiðalaga. Það ákvæði sé sett til hagsbóta fyrir þá, er verða fyrir tjóni af völdum bifreiða, til þess að þeir fái tjón sín bætt. Hins vegar sé það ekki til þess sett að tryggja þeim, er tjóni valda, skaðleysi af skaðaverki, enda myndi slíkt leiða til óréttlátrar niðurstöðu. Að lokum er því haldið fram af hálfu stefnda, að starfsmaður stefnanda, Tómas Hjaltason, hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í akstrinum, er áreksturinn varð. Samkvæmt 8. mgr. 36. gr. bifreiðalaga svo og eftir a-lið 9. gr. váttryggingarskilyrða váttryggingarsamningsins um skylduváttrygginguna á R 5195 eigi stefndi í því tilviki, sem hér um ræðir, endurkröfu á hendur stefnanda, ef stefndi hefði bætt eiganda bifreiðarinnar R 6631 tjónið. Hljóti ákvæði þessi því einnig að leiða til sýknu.

Þessum sjónarmiðum hefur stefnandi mótmælt og jafnframt bent á, að krafa á hendur sér af hálfu stefnda myndi hafa verið felld niður samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954, ef stefndi hefði greitt tjónbæturnar og síðan sótt hann til endurgreiðslu, en af því leiði, að stefndi eigi í máli þessu að endurgreiða honum bæturnar.

Samkvæmt nefndu ákvæði öðlast váttryggingarfélag rétt vá-

tryggðs á hendur hinum bótaskylda, að svo miklu leyti, sem það hefur greitt vátryggðum bætur. Kjósi tryggður að beina kröfu sinni beint gegn hinum bótaskylda og fái bætur frá honum, er ábyrgð félagsins endanlega fallin niður. Stefnandi var bótaskyldur gagnvart eiganda R 6631 og einnig gagnvart eiganda R 5195 að svo miklu leyti, sem hann hefði greitt tjónið á R 6631. Þetta tjón hefur stefnandi sjálfur bætt að fullu án aðgerða stefnda, og koma því ákvæði 25. gr. laga nr. 20/1954 hér ekki til álita. Stefnandi var ekki aðili að skylduvátryggingarsamningi þeim, sem gerður var um bifreiðina R 5195. Og engin rök hníga að því, að hann geti byggt rétt á hendur stefnda á samningnum, þótt bifreiðin væri í vörzlum hans, er áreksturinn skeði, enda er löggjöfin um skyldutryggingar bifreiða aðallega eða eingöngu sett til þess að gæta hagsmuna tjónþola.

Samkvæmt þessu hafa kröfur stefnanda ekki við rök að styðjast og ber að sýkna stefnda, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Egils Vilhjálmssonar h.f., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
